

Mánudaginn 19. október 1970.

Nr. 66/1970. **Hafsteinn Markússon**
 (Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
 gegn
Kristni Júlíussyni og gagnsök
 (Haukur Jónsson hrl.).

Dómenndur:
 hæstaréttardómarnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
 Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Landamerkjamáli.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1970 og haft uppi þessar dómkröfur:

„*Aðallega*, að viðurkennd verði með dómi hin fornu landamerki Vogatungu og Leirár í samræmi við landamerkjabréf fyrir jörðinni Vogatungu í Leirársveit, dags. í maí 1890, þannig að á svæðinu milli ána Leirár og Laxár skuli merkin vera bein lína úr keldu fyrir ofan Jöklaberg til landsuðurs, sjónhending í Hrossaklett norðanvert við Stóra-Lambhaga í Skilamannahreppi, þ. e. að línan fylgi skurði þeim, sem grafinn var á mörkum á þessum stað skömmu eftir síðustu aldamót, að líkindum árið 1905“.

Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. september 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Krefst hann þess, „að mörk milli jarðanna Leirár og Vogatungu verði ákveðin með dómi Hæstaréttar eins og lína, sem dregin er á afstöðuuppdrátt, gerðan af Zóphóníasi Pálssyni 23. marz 1969, milli Hrossakletts á syðri bakka Laxár og í keldukjaft við Leirá, hvort tveggja eftir ábendingu Júlíusar Bjarnasonar á Leirá, sbr. dskj. undirréttar nr. 78.

Til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði að efni til staðfestur“.

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Með afsali, dags. 18. marz 1970, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, keypti aðaláfrýjandi jörðina Vogatungu í Leirár- og Melahreppi af Hilmarí Ágústssyni, Arnarhrauni 22 í Hafnarfirði.

Að tilhlutan Hæstaréttar hefur Ragnar Árnason verkfræðingur gert uppdrátt af þrætulandinu, sem lagður hefur verið fram í Hæstarétti og merktur L. K. Á uppdrátt þennan eru dregnar markalínur, sem aðiljar málsins krefjast, að dæmdar verði.

Svo sem skýrt er frá í héraðsdómi, lét Böðvar Sigurðsson, bóndi í Vogatungu, grafa skurð laust eftir síðastliðin aldamót, sennilega um 1905 eða 1906, úr keldu norðan (ofan) Jöklabergs til landsuðurs í sjónhengingu í klett norðan Stóra-Lambhaga, er aðaláfrýjandi telur vera Hrossaklett. Á þeim tíma, er skurður þessi var grafinn, var hann allmikið mannvirki, og ber fjöldi vitna, að Böðvar Sigurðsson hafi talið skurð þennan vera á landamörkum Vogatungu og Leirár, og telja þau einnig, að hann hafi verið það. Verður og ekki annað séð en skurður þessi hafi verið grafinn á landamörkum jarðanna í samræmi við landamerkjabréf Vogatungu frá 1890 og í framkvæmd verið litið á hann sem landamerki milli jarða þessara. Samkvæmt þessu verða mörk jarðanna Leirár og Vogatungu milli Leirár og Laxár ákveðin þannig: Frá markapunktinum A í keldu norðan (ofan) Jöklabergs á uppdrætti Ragnars Árnasonar verkfræðings í sjónhendingarlinu í markapunktinn B á kletti norðan Stóra-Lambhaga.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 35.000.00.

Það athugast, að mjög mikill dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa í héraði.

Dómsorð:

Landamerki milli jarðanna Leirár og Vogatungu milli Leirár og Laxár skulu vera frá markapunktinum A í


Afstöðuuppdráttur yfir hluta jarðanna
Leirór og Vogatungu í Leirórsveit
Mkv ca 14000 (teiknað eftir loftmynd)

Uppdráttur þessi er gerður samkvæmt ósté
lögfræðinganna Þorvaldur Þorvaldssonar
og Hauke Jónssonar vegna aðgreinings um
mark milli jarðanna Vogatungu og Leirór
í Leirórsveit.

Reykjavík, 23. mars 1969

Lop Linné-Ellefsen
málningavefni, S.V.I.

Önnur uppráttir þessar hafa verið dregnar þær
líkur, sem krefur aðila hluta og í samráði við
þau landeigendur, sem eru á myndunum á
veitvangsgöngu, sem gerð var þriðjudaginn 14. 1969
Reykjavík, 7. 4. 1969
Lop Linné-Ellefsen



Mælikvarði uppdráttarins er breyttur frá frumriti
og er því óviss

Hluti af löndum jarðanna
Leirór og Vogatungu

Leirórsveit, Borgarfjarðarsýsla

Þessi uppdráttur er fyrst gerður af Zóphóníasi Pálssyni í mars 1969

Í október 1970 eru dregnar á uppdráttinn markalínur skv. héraðsdómí
og dómí Hæstaréttar í hæstaréttarmálinu nr. 66/1970

Reykjavík í október 1970

Ragnar Arnason

keldu norðan (ofan) Jöklabergs á uppdrætti Ragnars Arnasonar í sjónhendingarlinu í markapunkturinn B á kletti norðan Stóra-Lambhaga.

Gagnáfrýjandi, Kristinn Júlíusson, greiði aðaláfrýjanda, Hafsteini Markússyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Merkjadómur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 14. febrúar 1970.

Með bréfi, dagsettu 23. október 1965, tjáði Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að ágreiningur væri um merki jarðanna Vogatungu og Leirár í Leirár- og Melahreppi. Hinn 15. nóvember á sama ári setti sýslumaður landamerkjadóm í Vogatungu og leitaði sátta um árgreininginn milli Hafsteins Markússon, þáverandi eiganda Vogatungu, sem mættur var ásamt lögmanni sínum, Þorvaldi Þórarinssyni hæstaréttarlögmanni, og Júlíusar Bjarnasonar, sem mættur var ásamt lögmanni sínum, Hauki Jónssyni hæstaréttarlögmanni. Sættir tókust ekki, og var skipan landamerkjadóms þá ákveðin.

Hinn 30. nóvember 1965 var málið þingfest.

Eigendaskipti hafa síðar orðið á báðum jörðunum. Sóknaraðili er nú Hilmar Ágústsson verzlunarmaður, Arnarhrauni 22 í Hafnarfirði, en varnaraðili Kristinn Júlíusson, bóndi á Leirá.

Málið var dómtekið 31. janúar s.l.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að „viðurkennd verði með dómi hin fornu landamerki jarðanna Vogatungu og Leirár í samræmi við landamerkjabréf fyrir jörðinni Vogatungu í Leirársveit, dags. í maí 1890, þannig að á svæðinu milli ána Leirár og Laxár skuli merkin vera bein lína úr keldu fyrir ofan Jöklaberg til landsuðurs í Hrossaklett norðanvert við Stóra-Lambhaga í Skilmannahreppi, þ. e. a. s. línan fylgi skurði þeim, sem grafinn var á mörkum á þessum stað fyrir nálega hálfri öld og talinn hefur verið merkjaskurður síðan“.

Þá er krafizt málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að „landamerki milli jarðanna Leirár og Vogatungu verði ákveðin með dómi, eins og þau eru skrásett í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu, sbr. skjal nr.

221, innfært í veðmálábækur (sic) upphaflega 24. júní 1886 og síðar hinn 27/6 1921. Skjal þetta er ritað að Leirá 3. maí 1886, og segir svo í upphafi þess um landamerki fyrir Leiráreigninni: Stefnan ræður frá fremri Sjónarhól við Laxá, en þessi á ræður þaðan í frá landamerkjum niður á móts við Hrossaklett, er stendur að sunnanverðu við ána; úr Hrossakletti síðan sjónhending í keldukjapt við Leirá, rétt fyrir ofan Jöklaberg. Þaðan ræður svo Leirá . . .“.

Krafizt er málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Við áreið hefur komið fram, að lönd Vogatungu og Leirár liggja saman yfir tunguna milli Leirár og Laxár og eru þau um 880 m á lengd. Ekki er ágreiningur um, að mörkin séu bein lína um punkt á árbökkunum, en deilt er um punktana við báðar árnar. Lengd þrætulandsins meðfram Leirá er 115 m, en við Laxá 155 m. Merkjalínurnar, sem aðiljar krefjast viðurkennningar á, eru markaðar á uppdrátt þann, sem er hluti dóms þessa, en staðháttum mun lýst nánar, eftir því sem tilefni verða til.

Heimildarbréf: Sóknaraðili lagði fram staðfest endurrit úr landamerkjabók sýslunnar um skráningu nr. 231, en þar segir: „Landamerki fyrir jörðina Vogatungu í Leirársveit innan Borgarfjarðarsýslu.

1. Milli Vogatungu og Leirár eru merkin úr keldu fyrir ofan svokallað Jöklaberg beina sjónhendingu til landsuðurs í Hrossaklett norðanvert við Stóra-Lambhaga að Laxá.

Vogatungu í maí 1890

Böðvar Sigurðsson.

Framangreindum landamerkjum erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir:

Fyrir Beitistaði

Fyrir Lambhaga

Magnús Ásbjörnsson

Illugi Bárðarson

Rannveig Kolbeinsdóttir

ábúandi á Leirá (skrifað af Þórði Þórðarsyni Leirá fyrir móðir sína)“.

Skjal þetta hefur samkvæmt áritunum verið lesið á manntalsþingi að Leirá 7. júní 1890 og ritað í landamerkjabók sýslunnar þá og síðar á ný 1923.

Varnaraðili lagði fram endurrit úr landamerkjabók um skráningu nr. 221, en þar segir:

„Landamerki fyrir Leiráreigninni.

Stefnan ræður frá fremri Sjónarhól við Laxá, en þessi á ræður þaðan í frá landamerkjum niður á móts við Hrossaklett, er stend-

ur sunnanvert við ána. Úr Hrossakletti síðan sjónhendingu í keldukjapt við Leirá rétt fyrir ofan Jöklaberg. Þaðan ræður svo Leirá milli jarðanna Leirárgarða og Leirár. . .

Leirá, 3. maí 1886.

Jarðareigandi: Þórður Þorsteinsson, Leirá.

Sem umboðsmaður Austurleirárgarða: Þórður Þorsteinsson frá Leirá.

Eigandi Vesturleirárgarða: Pétur Sigurðsson (hrds).

Eigandi Miðleirárgarða: G. Guðmundsson.

Sem eigandi Vogatungunnar: Böðvar Sigurðsson.

Sem ábúandi Stóra-Lambhaga: Illugi Bárðarson.

Sem ábúandi Steinsholts: Jónas Jóhannesson“.

Skjal þetta hefur samkvæmt áritun sýslumanns verið lesið á Leirá 24. júní 1886 og innritað 1923.

Fram hefur verið lagt afrit af lögfestu Árna lögmans Odds-sonar, sem fyrst var lesin á Leirá 8. júní 1634. Þar segir m. a.: „J fyrstu lögfeste eg allt Leyrærland, sem mier hefur vered afhendt og fyrer mig hefur haft og hallded vered i millum Vogatungu og Leyrär, kiælduna sem madur geingur fyrer ofan Joklaberg og ur kiældunni í Laxá“. Í framlögðu afriti af lögfestu Odds lögmans Sigurðssonar frá 18. maí 1737 segir m. a.: „... ij millum Wogatungu og Leiraar kiælduna sem næst geingur fyrer ofann Jökla berg og ur kiældunne ij Laxä . . .“. 1730 hafði Kristín Guðbrandsdóttir, eigandi Leirár, lýst lögfestu með sömu orðum.

Frásagnarskjöl, sem hafa að geyma upplýsingar um merki Vogatungu og Leirár og út hafa verið gefin án tillits til þessa dómsmáls, hafa nokkur komið fram.

Í vísitafubók Gísla Oddssonar biskups segir svo 1634:

„Suo Hallda Briefin A Leijra vm Landamerke.

Jn primis j millum Leijrar og Vogatungu lyste Runolffur bonde Hauskulldsson ad sier heffde vered affhendt vordud landamerke aff fodur sijnum þa hann var eigande ad Leijrä.

Jn primis i millum Vogatungu og Leijrar kiælduna þa sem geingur fyrir offan Joklaberg og ecki sagðist hann betur vita enn kirkian a Leijra ætte þa saumu jord sem vered haffde nedan i tijaas og so heffde sier vered sagdt . . .“. (Ísl. fornbréfasafn XI., bls. 32).

Fram hefur verið lagt afrit af leigusamningi frá 1. júlí 1930 milli Júlíusar Bjarnasonar á Leirá og Guðjóns Jónssonar í Vogatungu, en með honum leigði Júlíus Guðjóni „landspildu þá, sem takmörkuð er af Ásmelnum að norðanverðu frá Leirá austur í

Hundafoss, Laxár að sunnan. Landamerkjum milli Leirár og Vogatungu að vestan og Leirár að útnorðanverðu, fyrir kr. 50.00 ... um árið ...“.

Í máli þessu hafa alls verið lögð fram 77 skjöl og 25 manns hafa gefið skýrslur fyrir dómi, þar af 20 fyrir dómi í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Mun nú rakið það, sem þykir varða atriði, sem geta haft áhrif á úrslit máls þessa. Til að fram komi sem gleggst yfirlit yfir hin umdeildu atriði, munu framburðir ekki raktir í heild á einum stað, heldur rætt um ágreiningsatriðin hvert af öðru.

Um mörk við Leirá er ágreiningur sem fyrr segir. Aðiljar og nokkur vitni hafa vikið að þessu atriði. Þar sem dómendur telja staðhætti á þessum slóðum sýna glögglega, hvar mörkin hafa verið við ána samkvæmt heimildarbréfum þeim, sem fyrr er vikið að, þykir eigi vera ástæða til að víkja að þessu atriði í málavaxtalýsingu. Þó er þess að geta, að eitt vitni kveðst muna eftir merkjavörðu nálægt Leirá. Er það Ólafur Daníelsson, fæddur í Melkoti 1895, síðar bóndi á Hurðarbaki í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Ólst hann upp í Melkoti, sem er skammt norðan við hin umdeildu merki, til 26 ára aldurs. Ólafur kvaðst á dómþingi 30. nóvember 1965 „kannast við smápúfu á Jöklabergi, sem gerð er af mönnum og sennilega um 1890. Hann kveðst hafa þetta frá föður sínum og Guðna, sem var bóndi á Leirá. Hann heyrði sagt, að þúfa þessi væri svo gerð, að neðst væru steinar reistir ólögulega upp, en hnausar þar ofan á“. Að frumkvæði dómsins hefur verið rofin þúfa, sem Júlíus Bjarnason, hinn upphaflegi varnaraðili málsins, taldi leifar merkjavörðu. Kom þar fram grjót, sem hugsanlegt er, að sé úr hleðslu.

Um merkin við Laxá er meginágreiningur máls þessa. Í báðum þeim landamerkjabréfum, sem fram hafa verið lögð, er sagt, að merkin séu lína um Hrossaklett. Í bréfi um Leirá frá 1886 segir, að Hrossaklettur standi „að sunnanverðu við ána“. Í bréfi um Vogatungu segir, að Hrossaklettur sé „norðan vert við Stóra-Lambhaga“. Þeir, sem í upphafi voru aðiljar máls þessa, eru ósammála um það, hvar Hrossaklettur sé, og benda hvor á sinn stað. Núverandi varnaraðili hefur tekið undir skýrslu föður síns um þetta atriði. Vitni hafa haft það að segja um þetta atriði, sem nú skal rakið:

Árni Böðvarsson, fyrrum sparisjósstjóri á Akranesi, fæddur 1888 í Vogatungu, var þar til 1915. Hann hefur í skjölum og vitnaskýrslum eindregið haldið því fram, að Hrossaklettur sé í

túninu í Stóra-Lambhaga, og tekið fram, að byggingarframkvæmdir hafi leitt til þess, að jarðvegur hafi hlaðizt að klettinum. Vitneskju um örnefnið kveðst hann hafa úr landamerkjabréfum og frá föður sínum, eiganda Vogatungu, er undirritaði bæði bréfin, sem fyrr eru nefnd, og bjó þar lengi. Árni hefur borið, að þessi staður hafi fyrrum einnig verið notaður til að marka merki milli Melkots og Leirár. Klett þann við Laxá, sem varnaraðiljar nefna Hrossaklett, kveður Árni í sínu minni aldrei hafa heitið annað en Gretti.

Bjarni Júlíusson, Reykjavík, fæddur 1923, bróðir núverandi varnaraðilja, ólst upp á Leirá. Hann kveðst hafa álitid klettinn rétt við Laxá, sem faðir hans hafði bent á sem Hrossaklett, bera það nafn og segir fyrr og síðar hafa miðað veiði í ánni við hann. Ekki kveðst hann þekkja nafn á klöppinni hjá Stóra-Lambhaga. Nafnið Gretti kveðst hann ekki hafa heyrt á fyrrnefnda klettinum, fyrr en mál þetta hófst, en Grettisstreng í Laxá hefur hann heyrt um, þó að hann hafi ekki vitað, hvar hann væri.

Böðvar Guðjónsson, fæddur 1913, bóndi á Kringlumýri í Skilamannahreppi, kveðst fæddur og uppalinn í Vogatungu og hafa búid þar nokkur ár. Hann segir Hrossaklett vera í túninu á Stóra-Lambhaga, en steininn við ána bera nafnið Gretti. Böðvar kveðst hafa nytjað land upp að merkjum þeim, sem sóknaraðili krefst viðurkenningar á, án þess að það sætti andmælum.

Guðmundur Björnsson, fæddur 1896, bóndi á Arkarlæk í Skilamannahreppi, kveður Sigurð Sigurðsson, hreppstjóra á Stóra-Lambhaga, er lézt 1953, hafa sagt í sinni áheyrn 1907, að kletturinn á árbakkanum hétu Grettir eða Grettistak.

Guðríður Ásmundsdóttir, fædd 1903, húsrú á Akranesi, kveðst hafa dvalizt í Stóra-Lambhaga frá 1908 til fullorðinsára og af og til allt fram til 1939. Hún segist af umræðum fólks á bænum hafa fengið vitneskju um, að landamerki Leirár og Vogatungu væru miðuð við klett í túni Stóra-Lambhaga. Niður við Laxá væri hins vegar stór steinn, sem kallaður væri Grettir. Vitnið gaf í fyrstu vottorð, sem lagt var fram af lögmanni sóknaraðilja, en síðan staðfest með eiði á bæjarþingi Akraness.

Helgi Júlíusson, Akranesi, fæddur 1918, bróðir núverandi varnaraðilja, segir klettinn við ána kallaðan Hrossaklett. Grettisnafnið kveðst hann ekki hafa heyrt, fyrr en deilan kom upp um landamerkin, en Grettisstreng kveðst hann þekkja og sé það veiðistaður við Klettinn.

Jóhann Kr. Ólafsson (1883—1967) var tengdasonur Guðna

Þorbergssonar, sem bjó á Leirá 1906—1915, og kvaðst hann hafa dvalizt þar a. m. k. á árunum 1906 til 1908, að hann minnti. Hann sagði steininn við ána vera merkjastein og hafa verið kallaðan Hrossaklett.

Jón Einarsson hefur ekki komið fyrir dóm í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en vottorð frá honum hefur verið lagt fram. Kom Jón síðan fyrir bæjarþing Akureyrar og staðfesti vottorðið. Það er svohljóðandi:

„Ég undirritaður Jón Einarsson, vélstjóri, Byggðavegi 103, Akureyri, fæddur 11/11 1910, sonur Einars Sveinssonar, sem bjó á Leirá og átti þá jörð, þar til hann seldi hana Júlíusi Bjarnasyni, votta eftirfarandi:

Faðir minn sagði mér, að mörk milli Leirár og Vogatungu væru úr Hrossakletti á syðri bakka Laxár í keldukjafst við Leirá. Hann sagði, að þessi stóri steinn væri óumdeilanlega Hrossaklettur, en hins vegar hefði, sagði hann, Böðvar í Vogatungu fært mörkin upp og í klöpp norðanvert við bæinn á Stóra-Lambhaga og kallað þá klöpp Hrossaklett. Þessi mörk Böðvars taldi faðir minn ekki rétt, og nafnið Hrossaklett taldi hann einnig tilbúning um þetta kennileiti, klöppina“.

Jón Guðnason, fæddur 1896, Hólmgarði 10, Reykjavík, er sonur Guðna Þorbergssonar, bónda á Leirá. Hann sagði steininn við ána vera merkjastein og hafa verið kallaðan Hrossaklett. Eftir vettvangsgöngu tók hann fram, að hann hefði vitað, að Hrossaklettur var til, en ekki nákvæmlega vitað, hvar hann var.

Jón Ólafsson, fæddur 1896, Nýlendugötu 24 B, Reykjavík, kveðst hafa komið 3ja ára að Katanesi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, og hafa alizt þar upp fram undir tvítugsaldur. Síðar kveðst hann hafa búið þar. Jón hefur ekki komið fyrir dóm í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en vottorð frá honum hefur verið lagt fram. Kom Jón síðan fyrir bæjarþing Reykjavíkur og staðfesti vottorðið. Hann kveðst hafa heyrt Sigurð eldri í Lambhaga kalla klettinn á árbakkanum Hrossaklett.

Jón Sigurðsson, fæddur 1924, bóndi í Stóra-Lambhaga, hefur undirritað vottorð ásamt bróður sínum Sigurði. Það er dagsett 20. marz 1965. Vottorð þetta staðfesti Jón fyrir dómi 30. nóvember sama ár. Meginmál vottorðsins er þannig:

„Eftir beiðni Hafsteins Markússsonar, Vogatungu, viljum við undirskrifuð votta eftirfarandi: Steinn sá, er stendur neðan við túnið á Stóra-Lambhaga á bakka Laxár, hefur alla tíð, sem við munum eftir, verið í daglegu tali kallaður Grettir.

Norður í túninu í Stóra-Lambhaga, nánar tiltekið rétt vestan við íbúðarhús Sigurðar Björnssonar, er klettur, er nefnist Hrossaklöpp, í þennan klett stefnir skurður sá, er við höfum talið, að væri landamerkjaskurður milli Leirár og Vogatungu, og höfum við ekki heyrt talað um önnur landamerki á milli þessara bæja en þessi“.

Magnús Ásmundsson, Akranesi, kveðst hafa verið vinnumaður í Vogatungu 1916—1919. Hann kveður Hrossaklett vera í túninu á Stóra-Lambhaga, en klettinn við ána heita Gretti. Vottorð frá Magnúsi var lagt fram í málinu, en síðar staðfesti hann það með eiði á bæjarþingi Akraness 20. marz 1969. Kvaðst hann þá vera 72 ára gamall.

Magnús Eggertsson, fæddur 1899, bóndi á Melaleiti í Leirár- og Melahreppi, var búsettur í Leirárgörðum, að eigin sögn í 42 ár. Hann kveður klettinn við Stóra-Lambhaga heita Hrossaklett og sýna merki Vogatungu og Leirár. Um steininn á árbakkanum segir hann: „Á unglingsárum mínum heyrði ég stein þennan ávallt kallaðan Gretti, og ber ég fyrir því fólk í Stóra-Lambhaga, en á síðari árum hef ég einnig heyrt hann nefndan Hrossaklett, sem engan veginn fær staðizt, því þetta er steinn, en ekki klettur“.

Ólafur Daníelsson á Hurðarbaki er áður nefndur. Frá honum var upphaflega lagt fram vottorð, sem þeir Jón Guðnason, Jóhann Kr. Ólafsson og Þorbergur Guðjónsson, er síðar mun nefndur, rituðu einnig undir. Eru á það festar tvær ljósmyndir af steininum við ána, sem sumir kalla Hrossaklett. Síðan er svohljóðandi texti: „Við undirritaðir lýsum því yfir, að stóri einstaki steinninn, sem meðfylgjandi mynd er af, heitir réttu nafni Hrossaklettur, og landamerkin milli Leirár og Vogatungu eru bein sjónhending úr áður nefndum Hrossakletti í neðri endann á keldu fyrir norðan Jöklaberg, þar sem hún endar við Leirá“.

Ólafur Daníelsson gaf fyrst skýrslu fyrir landamerkjadómi 30. nóvember 1965. Var þá m. a. eftir honum bókað: „Vitnið segir margumræddan klett hafa Hrossaklett sem aðalnafn. Hann segist strax á barnsaldri hafa heyrt suma nefna hann Gretti. Hann segir, að Hrossaklett telji hann aðalnafn, þar sem fleiri hafi notað það, t. d. jafnan faðir vitnisins og Illugi Bárðarson, bóndi í Lambhaga. Faðir hans, Daníel Ólafsson, kom í Melkot 1890 og dó þar 1916. Vitnið telur, að t. d. Vogatungufólkið hafi notað nafnið Gretti og Lambhagafólkið að nokkru leyti. Vitnið segist hafa vitað, að kletturinn sýndi merki Leirár. Hann sagðist muna, að hann hafi heyrt Þórð Þórðarson, bónda á Leirá, sem dó 1905,

tala um steininn sem Hrossaklett og að hann sýndi landamerki“. Ólafur sagði á þessu sama dómþingi, að hann hefði aldrei heyrt talað um Hrossaklett í Lambhagatúni, en klettinn aðeins nefndan Klöpp. Staðfesti vitnið skýrslu sína með drengskaparheiti.

Ólafur Daníelsson gaf skýrslu á ný fyrir landamerkjadómi 19. október 1966. Meginhluti þess framburðar varðar skurði, er síðar mun vikið að, en jafnframt sagði Ólafur, að ágreiningur hefði verið um merkin í upphafi aldarinnar, þegar skurðir þessir voru grafnir.

Hann kveðst ekki vita til, að Böðvar í Vogatungu hefði viðurkennt, að steinninn við ána væri merkjasteinn. Hins vegar sagði hann, að Jón Sigurðsson í Kalastaðakoti, bróðir Böðvars, hefði kallað stein þennan Hrossaklett og haft á orði í sín eyru, að Guðni á Leirá hlyti að mótmæla skurðgrefti, sem miðast hafi við önnur landamerki.

Ólafur Sigurðsson, fæddur 1902, Lambhaga, segir Hrossaklett í túninu á bænum, en steininn við ána heita Gretti.

Ólöf Guðjónsdóttir, fædd 1910, húsfú á Akranesi, kveðst fædd í Vogatungu og hafa dvalizt þar til 1933. Afi hennar var Böðvar Sigurðsson, bóndi þar. Hún kveður merkjasteininn Hrossaklett vera í túninu á Stóra-Lambhaga. Vitnið gaf í fyrstu vottorð, sem var lagt fram af lögmanni sóknaraðilja, en síðan staðfest með eiði á bæjarþingi Akraness.

Sigurður Sigurðsson, fæddur 1918, hreppstjóri í Stóra-Lambhaga, hefur undirritað tvö vottorð, sem lögð hafa verið fram. Fyrri vottorðið, sem dagsett er 20. marz 1965, hefur hann gefið ásamt Jóni bróður sínum, og er meginmál þess áður tekið upp. Síðara vottorðið er dagsett 28. september 1964, og er meginmál þess þannig: „Júlíus Bjarnason, hreppstjóri, Leirá, hefur beðið mig að votta um nafn á kletti þeim, er stendur á bakka Laxár að sjá í norður eða norðvestur frá Stóra-Lambhaga. Klettur þessi hefur, síðan ég man fyrst eftir mér, verið í daglegu tali nefndur Grettir, hinsvegar hefi ég og heyrt, að hann heiti Hrossaklettur og jafnvel fleiri nöfnum“.

Sigurður Sigurðsson kom fyrir dóm 30. nóvember 1965 og kvað vottorðin rétt. Hann sagðist hafa verið uppkominn, er hann heyrði klettinn við ána fyrst nefndan Hrossaklett, og hefði Ólafur Daníelsson á Hurðarbaki sagt sér það heiti á klettinum. Sigurður kvaðst hafa heyrt Ólaf segja, að kletturinn hefði einnig verið nefndur Barnaklettur.

Sæmundur Eggertsson, fæddur 1896, kvaðst hafa átt heima í

Vestri-Leirárgörðum 1903—1925. Hann kveðst vel muna eftir gerð landamerkjaskurðar, sem Böðvar Sigurðsson í Vogatungu hefði grafið, en ekki minnst neins ágreinings varðandi hann. „Var skurðurinn grafinn beina stefnu á Hrossaklett, hjá Stóra-Lambhaga í Skilamannahreppi, sem mig minnir, að væri talinn ráða merkjum á milli Vogatungu og Leirár“. Ekki sagðist Sæmundur hafa heyrt steininn Gretti á suðurbakka Laxár nefndan í sambandi við landamerki á milli Vogatungu og Leirár.

Sæmundur Eggertsson gaf vottorð, sem lagt var fram af lögmanni sóknaraðilja, en síðan staðfest á bæjarþingi Reykjavíkur 22. apríl 1966, en Sæmundur var þá búsettur að Hringbraut 103 þar í borg.

Þorbergur Guðjónsson, fæddur 1911, bóndi í Melkoti, sem er ekki langt norðaustan við hina umdeildu markalínu, kveður landamerkin milli Vogatungu og Leirár miðuð við Hrossaklett rétt við Laxá. Þorbergur kveðst hafa komið að Melkoti 1921 og telur Ólaf Daníelsson heimildarmann sinn um heitið á steinum og landamerkin. Hann kannast við nafnið Grettisstreng í Laxá.

Þórður Júlíusson, Reykjavík, fæddur 1928, bróðir núverandi varnaraðilja, segist hafa álitnið klettinn við ána heita Hrossaklett og vera merkjastein. Hann segir „Hrossaklett ekki hafa haft annað nafn, en hann hafi vakið athygli, þar sem hann sé stór og sérstæður og hafi verið kallaður Grettistak“.

Þorsteinn Jakobsson (1884—1967) bjó síðast að Skólagerði 5 í Kópavogi, en var frá Húsafelli og dvaldist mestan hluta ævinnar í Borgarfjarðarhéraði. Á Leirá höfðu þeir Júlíus Bjarnason félagsbú um skeið. Þorsteinn kom fyrst fyrir bæjarþing Reykjavíkur 22. apríl 1966 til skýrslugjafar vegna þessa landamerkmáls. Þá var lagt fram svohljóðandi vottorð frá honum:

„Ég undirritaður, Þorsteinn Jakobsson, sem var heimilismaður á Leirá 1924—1926, kom þangað, um leið og Einar Sveinsson flutti burt þaðan, staðfesti hér með, að Einar Sveinsson sagði mér, að Hrossaklettur væri sunnan Laxár fast við ána, nokkurn spöl fyrir neðan Laxfoss. Einar sagði, að mörkin milli Vogatungu og Leirár væru úr þessum kletti“.

Fyrirnefndan dag, 22. apríl 1966, var m. a. bókað eftir Þorsteini, er hann hafði sagt vottorð sitt rétt: „Vitnið kveðst ekki muna eftir örnefninu Gretti á steini við ána. Vitnið kveðst ekki vita, við hvað merkin voru miðuð Leirármegin, og kveðst ekki hafa gengið á merkin. Vitnið er spurt, hvort það kannist við klett nálægt Stóra-Lambhaga, sem verið hafi merkjasteinn. Vitnið

neitar því, en segir þó nánar aðspurt, að Einar Sveinsson hafi eitthvað á það minnst, að klettur nálægt Stóra-Lambhaga væri að áliti Vogatungubóndans merkjasteinn milli Leirár og Vogatungu, þ. e. „Hestaklöpp“. Vitnið segir, að Einari hafi þótt þetta ósennilegt og sér líka. Vitnið minnst þess ekki að hafa heyrt aðra en Einar Sveinsson tala um landamerkin“.

Hinn 19. október 1966 kom Þorsteinn Jakobsson fyrir landamerkjadóm eftir vettvangsgöngu. Meðal þess, sem þá var bókað, var eftirfarandi:

„Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnanda segir vitnið, að borizt hafi í tal milli sín og Einars Sveinssonar, að Böðvar í Vogatungu teldi merkin vera í klöppina upp við Stóra-Lambhaga, en þeim hefði þótt þetta ólíklegt. . . — Nú er lesið vottorð það, sem vitnið gaf 4. apríl 1966. Vitnið ítrekar, að Einar hafi sagt sér, að kletturinn við ána væri merkjakletturinn, Hrossaklettur.

Að ósk lögmanns stefnanda er vitnið spurt, hvort hann minnst þess að hafa á vettvangi í dag sagt, að þeim Einari hafi þótt líklegt, að kletturinn við ána hétu Hrossaklettur.

Vitnið segist hafa haft þessi orð“.

Það er fyrr fram komið, að skurðir eru við þrætulandið og á því, og er haldið fram af Hafsteini Markússyni, fyrsta sóknaraðilja málsins, að tilteknir skurðir séu á mörkum Leirár og Vogatungu og hafi verið grafnir til að sýna mörkin. Skurðirnir á svæðinu koma fram á uppdrættinum í dómi þessum. Þeir eru stungnir, en nú grunnir orðnir, og er ljóst, að þeim hefur ekki verið haldið við að undanfögnu. Hér á eftir mun það rakið, sem fram kemur í vitnaskýrslum og þykir geta skipt máli varðandi skurði þessa.

Árni Böðvarsson segir föður sinn hafa grafið merkjaskurði frá keldukjaftri við Leirá um hálfra leið yfir tunguna milli ána. Skurðurinn hafi ekki verið til áveitu í fyrstu, en síðan hafi áveituskurðir verið tengdir honum.

Böðvar Guðjónsson segir skurðinn vera á merkjum samkvæmt því, sem hann hafi jafnan talið, en skurðurinn hafi verið gerður fyrir sitt minni. Kemur lýsing Böðvars á merkjaskurðinum heim við staðhæfingar Hafsteins Markússonar þar að lútandi. Í vottorði Jóns og Sigurðar Sigurðssona er vikið að merkjaskurði, en meginmál vottorðsins hefur áður verið tekið upp í dóm þennan.

Magnús Ásmundsson segir Böðvar Sigurðsson hafa grafið merkjaskurð frá Leirá í stefnu á Hrossaklett við Stóra-Lambhaga.

Magnús Eggertsson kveðst jafnan hafa heyrt hið sama. Þegar

Ólafur Danielsson gaf vitnaskýrslu 30. nóvember 1965, var m. a. bókað: „... Vitnið segir Böðvar bónda í Vogatungu sennilega hafa grafið skurðinn, sem sumir kalla merkjaskurð, til áveitu á svonefndar Fitjar. Vitnið segir eins strengs girðingu hafa verið setta, áður en skurðurinn var grafinn, og segir vitnið hana hafa verið til að verja engið.

Dómsformaður spyr vitnið, hvort hann telji hugsanlegt, að bóndinn í Vogatungu hafi gert skurð í Leiráralandi. Vitnið svarar játandi, enda hafi Vogatungubóndinn haft land þetta á leigu frá eiganda Leirá“. Ólafur kom, sem fyrr segir, á ný fyrir dóm 19. október 1966. Var þá m. a. bókað: „Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda segir vitnið, að skurðurinn hafi verið grafinn af Böðvari í Vogatungu haustið 1906, þ. e. sá hluti hans, sem stefnir frá Leirá upp í hornið. Hinn hlutann gerði Böðvar tveim árum síðar. Vitnið segir dýptina hafa verið 2 stungur, en skurðinn 4 fet á breidd, þ. e. hálfur skurður skv. þágildandi jarðabóta-ákvæðum. Vitnið segist hafa séð skurðinn um sama leyti og hann var grafinn. Fyrri framkvæmdina segir hann hafa verið gerða til áveitu og kveðst hafa heyrt Böðvar segja svo frá. Vitnið segir, að Böðvar hafi talið, að skurðurinn væri á merkjum, en segir Guðna á Leirá hafa mótmælt skurðgreftinum. Vitnið segist oft hafa heyrt Guðna tala um þetta svo og Rannveigu Kolbeinsdóttur, sem verið hafi húsfreyja á Leirá og dvalizt áfram þar. Vitnið segir Guðna ekki hafa leitað með ágreininginn til yfirvalda, þar sem hann hafi ekki viljað gera ófrið út af þessu atriði. Vitnið segir, að mörk þessa lands, sem Vogatungubóndi hafði á leigu frá Leirá, hafi verið ofar, upp við melinn, þ. e. á mörkum Leirá og Melkots. . . .

Vitnið segir, að það muni hafa verið skoðun Vogatungubóndans, að mörkin við Leirá hafi verið bein lína úr skurðinum. Vitnið segir, að vírin við skurðinn hafi Böðvar sett 1908. Lesið er það, sem bókað var í nóvember 1965, að eins strengs girðing hafi verið sett, áður en skurðurinn var grafinn. Vitnið segir, að sig minni nú, að engin girðing hafi verið gerð fyrr en 1908. Vitnið segist ekki hafa heyrt, að girðingunni hafi verið sérstaklega mótmælt. Vitnið segist vita, að Guðni á Leirá hafi ekki grafið neinn hluta skurðarins. Vitnið segir, að sá hluti skurðarins, sem grafinn var 1908, hafi að einskis álitu verið á merkjum. Vitnið kveðst ekki vita til, að Böðvar hafi nokkurn tíma viðurkennt, að kletturinn við ána væri merkjasteinn. Vitnið segir, að seinni skurðurinn hafi verið grafinn sem girðing og að álitu Böðvars allur í hans

landi. Hafi hann ekki kært sig um meira slægjuland en var sjávarmegin skurðarins frá 1908, en handan hans hafi verið beitarland. . . . Vitnið ítrekar, að Rannveig Kolbeinsdóttir hafi verið óánægð með skurðgröftinn og viljað fá Guðna til aðgerða, en segir hann hafa viljað forðast ágreining. . . .

Ákveðið var að fara með Ólafi Danielssyni að Stóra-Lambhaga til að fá yfirsýn yfir stefnu skurðarins milli ána. Þetta er gert. Ólafur segir, að skurðurinn, sem sést frá Stóra-Lambhaga, sé yngri en frá 1906—1908 og plægður og sýnir, hvar hinir eldri skurðir eru að hans álití.

Ólafur Sigurðsson kveður Böðvar Sigurðsson hafa sagt sér, að skurðurinn upp frá Leirá hafi verið grafinn sem landamerkjaskurður. Um dýpt skurðarins sagði Ólafur, að hann hefði verið orðinn nokkuð gróinn upp um 1920, en hann muni hafa verið grafinn um 1905.

Ólöf Guðjónsdóttir kveðst muna eftir „landamerkjaskurðinum“, sem afi hennar hafi látið grafa fyrir ofan Jöklaberg. Í vottorði því, sem Sæmundur Eggertsson gaf 9. júní 1965 og staðfesti síðar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, segir m. a.: „Ég átti heima í Vestri-Leirárgörðum árin 1903 til 1925. Var ég vel kunnugur mönnum og málefnum í Leirársveit og Melasveit á þessum árum, og er mér enn í fersku minni ýmislegt, sem gerðist, á meðan ég dvaldist í Leirársveit. Meðal annars man ég vel eftir því, þegar Böðvar Sigurðsson, bóndi og póstur í Vogatungu, réðst í það að grafa langan skurð á merkjum Leirá og Vogatungu, þó að liðin séu nær 60 ár síðan. Mig minnir fastlega, að skurðurinn væri kominn þarna á merkjunum árið 1906, því það sumar var ég mjólkurpóstur (rjómapóstur) fyrir nærliggjandi bæi og fór m. a. um Leirárland fyrir austan skurðinn og fyrir enda hans og niður með Laxá að rjómaþúinu.

Umræddur landamerkjaskurður var grafinn frá litlu jarðfalli við Leirá og upp og landsuður eftir flóa þeim, sem er á milli Laxár og Leirá. Ég man það alveg eins og það hefði gerzt í gær, þegar Böðvar og hans menn fóru að grafa niður undir Leirá. Fylgdu þeir keldu, sem myndast hafði í slakkanum fyrir austan Jöklaberg, þ. e. á milli Jöklabergs í Vogatungulandi og Leiráráss í Leirárlandi. Var skurðurinn grafinn í beina stefnu á Hrossaklett hjá Stóra-Lambhaga í Skilmannahreppi, sem mig minnir að væri talinn ráða merkjum á milli Vogatungu og Leirá. Skurður þessi þótti nokkurt mannvirki á sínum tíma, og heyrði ég aldrei nokkurn ágreining eða orð um, að hér væri ekki rétt að

farið, þ. e. að skurðurinn væri landamerkjaskurður á milli Vogatungu og Leirár jafnframt því að vera vörzluskurður á milli jarðanna, enda man ég vel, að Böðvar reisti gaddavirsgirðingu á skurðbakkanum til þess að verja land jarðar sinnar ágangi búfjár. . . . Enn fremur skal tekið fram, að Hrossaklettur og landamerkjaskurðurinn eru vel sýnilegir frá Leirárgörðum. Hrossaklettur sást sérstaklega vel í vestansól, vegna þess hve ljós hann var“.

Þegar Þorsteinn Jakobsson gaf vitnaskýrslu 22. apríl 1966, var m. a. bókað: „Vitnið kveðst kannast við skurð milli Laxár og Leirár. Hann segir Böðvar bónda í Vogatungu hafa fengið að nota land þarna og gera girðingu ofan við merkin þess vegna. Vitnið heldur, að skurðurinn hafi ekki verið mikið mannvirki og ef til vill gerður til að hlaða undir girðinguna. Vitnið heldur, að skurðurinn hafi verið gerður, ekki löngu áður en hann kom að Leirá“. Þegar Þorsteinn kom fyrir dóm 19. október 1966 tók hann fram, að hann hefði þann dag heyrt, að skurðurinn hefði verið grafinn fyrr en hann taldi áður. Hann kvað land það, sem Vogatungubóndinn hafði á leigu, hafa verið sjávarmegin við skurðinn. Þorsteinn sagðist ekki vita, hvar Jöklaberg væri, og ekki muna eftir að hafa komið að Leirá á þessu svæði.

Það er fram komið í máli þessu, að gerður var skriflegur samningur 1. júlí 1930 milli bændanna í Vogatungu og á Leirá um, að hinn fyrrnefndi fengi á leigu land frá svonefndum Ásamel norðan við þrætulandið og að merkjum milli jarðanna. Frá þessum samningi er áður greint.

Ólafur Danielsson hefur, eins og áður er fram tekið, talið, að bóndinn í Vogatungu hafi haft þarna land á leigu 1906. Ólafur Sigurðsson gat um leiguland, en ekki um það, hvenær Vogatungubóndinn hefði fengið það fyrst á leigu. Hið sama er að segja um framburð Magnúsar Eggertssonar.

Eins og áður er fram komið, sagði Þorsteinn Jakobsson, að Böðvar í Vogatungu hefði fengið að nota land, sem heyrði til Leirá „og gera girðingu ofan við merkin þess vegna“. Taldi Þorsteinn leigulandið hafa verið sunnar (sjávarmegin) og Böðvar í Vogatungu hafi viðurkennt eignarrétt Leirár að því með því að greiða leigu fyrir landið. Í nokkrum skýrslum er vikið að veiði, einkum í Laxá, en þau ummæli virðast ekki hafa þýðingu í málinu, og munu þau ekki rakin.

Fram er komið, að arðskrá um Laxá var gerð árið 1957.

Ljóst er, að þá var miðað við þau merki, sem varnaraðili krefst

viðurkenningar á í þessu máli, en um ágreining var matsmönnum ekki kunnugt. Ekki er fram komið, að grundvelli arðskrárinnar að þessu leyti hafi verið mótmælt.

Samkvæmt skjölum um jarðarmatið 1915 voru merki Melkots og Leirár þá miðuð við línu um stein á Sauðhúsamel og „stein á Stóra-Lambhagatúni“. Vitnin Árni Böðvarsson, Jóhann Kr. Ólafsson, Ólafur Daníelsson og Ólafur Sigurðsson hafa tekið fram, að á sínum tíma hafi mörkin milli Melkots og Leirár verið miðuð við klöpp í túninu á þessum bæ. Þessi lína er ekki langt norðan við þrætulandið. Lönd Melkots og Vogatungu liggja ekki saman.

Í því sem nú hefur verið rakið um málsatvik, hefur komið fram, að ýmis vitni hafa tekið beint fram, hvar hin umdeildu landamerki væru. Skal nú rakið samhengi það, sem um þetta hefur verið sagt af vitnum.

Árni Böðvarsson hefur sagt fyrrgreindan skurð hafa verið grafinn á merkjum. Böðvar Guðjónsson segist ekki vita annað, frá því hann fyrst man. Eins og fyrr greinir, segja Jón Sigurðsson og Sigurður Sigurðsson, að skurðurinn sýni merki og hafi þeir ekki heyrt talað um önnur merki milli Leirár og Vogatungu. Ólöf Guðjónsdóttir segir, að merkin hafi miðast við skurðinn. Hið sama gerir Sæmundur Eggertsson.

Helgi Júlíusson kveðst alltaf hafa heyrt, að hin umdeildu landamerki væru eins og faðir hans, hinn upphaflegi varnaraðili í málinu, lýsti þeim. Framburður Þórðar Júlíussonar er eins um þetta atriði. Hið sama segir, eins og fyrr greinir, í vottorði þeirra Jóns Guðnasonar, Jóhanns Kr. Ólafssonar, Ólafs Daníelssonar og Þorbergs Guðjónssonar.

Eins og fyrr segir, kveðst Ólafur hafa upplýsingar um, að merkin miðuðust við klett á bakka Laxár, frá Þórði Þórðarsyni bónda á Leirá, sem lézt í nóvember 1905. Það er einnig áður fram komið, að Ólafur skýrði svo frá, er hann kom í annað sinn fyrir dóm 19. október 1966, að það hefði komið fram 1906, að ágreiningur væri um merkin.

Þorbergur Guðjónsson hefur sagt fyrir dómi, að vitneskju sína um merkin hafi hann fengið hjá Ólafi Daníelssyni. Jón Einarsson hefur í vottorði, sem áður er tekið upp, sagt föður sinn hafa sagt sér, að merkin væru eins og varnaraðili heldur fram í málinu, en jafnframt getið um ágreining um þau. Þorsteinn Jakobsen ber fyrir sig sama heimildarmann, og framburður hans er svipaður að öðru leyti, sem fyrr er rakið.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu sóknaraðilja er byggt á landamerkjabréfi Vogatungu frá 1890 og því haldið fram, að bæði orð bréfsins og vitnisburðir, sem á verði að byggja, sýni, að merkjalínan milli Vogatungu og Leirár sé um klett í túni Stóra-Lambhaga. Þá er því haldið fram, að skurður sá, sem um hefur verið rætt, hafi verið grafinn á merkjum upp frá Leirá, enda verið á því byggt í áratugi, að skurðurinn væri á merkjum. Leiguspilda sú, sem Vogatungubóndinn hefur haft í Leirálandi, er sögð norðan þessarar merkjalínu, er nú hefur verið lýst. Tekið er fram, að næsta ótrúlegt sé, að skurður þessi hafi getað verið grafinn af bóndanum í Vogatungu einum í annars manns landi.

Af hálfu varnaraðilja er byggt á landamerkjabréfi Leirár frá 1886 og því haldið fram, að orð bréfsins og vitnisburðir, sem á verði að byggja, sýni, að merkjalínan milli Leirár og Vogatungu sé um klett rétt við bakka Laxár. Því er haldið fram, að skurður sá, sem um hefur verið rætt, hafi verið grafinn til áveitu eða annars, merkjum óviðkomandi og hafi ekki verið tekinn á merkjum.

Af hálfu beggja aðilja hafa verið gerðar athugasemdir við einstaka framburði.

Niðurstaða.

Dómendur hafa tekið til sérstakrar athugunar, hvort landamerkjabréfin frá 1886 og 1890, sem fyrr er frá sagt, séu samrýmanleg. Bæði segja þau merkin milli Vogatungu og Leirár beint strik um punkta á bökkum Leirár og Laxár. Í landamerkjabréfi Leirár, sem er frá 1886, segir, að Leirármegin sé punkturinn keldukjafstur við ána, rétt fyrir ofan Jöklaberg. Í landamerkjabréfi Vogatungu er talað um keldu fyrir ofan svokallað Jöklaberg. Dómendur telja ljóst eftir athugun á vettvangi, að kelda sú, sem hér er vikið að og nefnd er þegar 1634, hafi verið þar, sem nú er bakki rétt ofan við eyrar við Leirá, og er að álitum dómara ekki vafi um það, við hvaða stað við þessa á beri að miða merkin. Í landamerkjabréfi Leirár segir, að við Laxá séu landamerkin miðuð við „Hrossaklett, er stendur að sunnan verðu við ána“. Hins vegar stendur í Vogatungubréfinu, að þau séu miðuð við „Hrossaklett, norðanvert við Stóra-Lambhaga“.

Það er skoðun dómenda, að ekki sé unnt að líta svo á, að hér sé átt við einn og sama stað, og er eðlilegast að telja, að bréfin eigi við þá tvo staði, sem málsaðiljar halda fram, og séu ósamrýmanleg.

Vitnaframburðir eru margir í máli þessu, og ber mjög á milli

í skýrslum vitna um það, hvar Hrossaklettur sé. Þá hafa vitnin Jón Einarsson, Ólafur Daníelsson og Þorsteinn Jakobsson sagt frá mismunandi skoðunum á því fyrr á árum, hvar hin umdeildu merki væru. Af þessu tvennu telja dómendur nægilega fram komi, að um áratugaskeið hafi verið mismunandi skoðanir á því, hvar merkin væru að réttu lagi.

Að þessu athuguðu verður að skera úr um það, hvort hinna tveggja framlögðu landamerkjabréfa veiti betri rétt.

Af hálfu varnaraðilja hefur því verið haldið fram, að ósannað sé; að Þórður Þórðarson, sem ritaði nafn móður sinnar, Rannveigar Kolbeinsdóttur, á landamerkjabréf Vogatungu 1890, hafi haft til þess heimild. Fram er komið í málinu, að eiginmaður Rannveigar og faðir Þórðar, Þórður Þorsteinsson, bóndi á Leirá, lézt 3. marz 1889. Fékk ekkjan leyfi til setu í óskiptu búi. Þórður sonur hennar var fæddur 22. apríl 1870. Eftir sóknarmannatali í nóvember 1890 er hann þá heimilismaður móður sinnar á Leirá. Hann kvæntist Guðnýju Stefánsdóttur, sennilega 1892, og hófu þau búskap að Leirá. Verður ráðið af sóknarmannatölum, að eftir það taldist tvíbýli á jörðinni, og var Þórður talinn fyrir öðru búinu, en móðir hans fyrir hinu. Stóð svo, allt þar til Þórður lézt 1. nóvember 1905.

Ekkert hefur komið fram um það, hvernig undirritun landamerkjabréfsins bar að í maí eða júní 1890. Hins vegar las sýslumaður það á manntalsþingi á Leirá 7. júní á þessu sama ári. Um athugasemdir af hálfu Þórðar eða Rannveigar er getið í framburði Ólafs Daníelssonar, sem fyrr er rakinn. Þó að ljóst sé, að ekki er sannað, að Þórður Þórðarson hafi haft heimild til að rita nafn móður sinnar á merkjabréf Vogatungu til samþykkis því, telja dómendur, að rétt sé að kanna, hversu sennilegt sé, að bréfið sé rétt, áður en leyst er úr þeirri spurningu, hvort á því verði byggt í málinu.

Bréf Vogatungu frá 1890 er yngra en Leirárbréfið, og mæla sum rök með því að leggja það til grundvallar. Hugsanlegt er, að í því hafi átt að felast leiðrétting á villu í Leirárbréfinu frá 1886 eða að afsal á þrætulandinu hafi farið fram á þessu árabili eða jafnvel hafi hið nýja merkjabréf Vogatungu átt að fela í sér slíkt afsal. Engin framkomin sönnunargögn styðja þó slíka skoðun, og landamerkjabréf eru ekki almennt ætluð til að vera afsalsbréf. Var og ekkert gert til að breyta merkjalýsingu fyrir Leirá, sem þó hefði verið rétt, ef um breytingu merkja hefði verið að ræða, sbr. merkjalínu frá 1882. Er hugsanlegt, að hvorki

Rannveigu Kolbeinsdóttur né Þórði syni hennar hafi verið kunnugt um merkin milli jarðanna í svo miklum smáatriðum, sem vera þurfti til að sjá muninn á bréfum Leirár og Vogatungu. Mælir það gegn því, að rétt sé að leggja Vogatungubrésið til grundvallar. Hins vegar mælir það með því, að ekki er sannað, að þau Rannveig eða Þórður hafi eftir 1890 haft uppi aðgerðir til að fá Vogatungubrésið breytt.

Vitnaskýrslur eru sem fyrr segir komnar fram um, að Hrossaklettur sé í túninu á Stóra-Lambhaga. Jafnframt er fram komið, að við klett þar í túninu voru á sínum tíma miðuð merki milli Leirár og Melkots. Felast í báðum þessum atriðum nokkrar líkur, sem styðja kröfur sóknaraðilja. Þó er þess að geta, að í þeim merkjalýsingum fyrir Melkot, sem dómendur hafa fundið frá fyrri tíð, er kletturinn í túni Stóra-Lambhaga eigi nafngreindur, og veikir það líkurnar, sem getið var.

Skurður er við þrætulandið, og er hann grafinn frá þeim stað við Leirá, sem dómendur telja að sýni merkin við ána. Stefnir skurðurinn á klöpp þá í túni Stóra-Lambhaga, sem sóknaraðili telur Hrossaklett. Vitni hafa borið, að þessi skurður sé eða hafi átt að vera merkjaskurður. Vitnið Ólafur Danielsson hefur borið, að það hafi ekki verið viðurkennt af eiganda Leirár eða Rannveigu Kalbeinsdóttur. Hugsanlegt er, að skurðurinn hafi verið ætlaður til áveitu, enda aðrir skurðir við hann tengdir, sem hljóta að hafa verið grafnir í slíkum tilgangi. Þó verða dómendur að telja, að skurður sá, sem grafinn er frá Leirá og í stefnu á klett í túni Stóra-Lambhaga, veiti nokkrar líkur fyrir því, að merkin hafi verið á þessum stað. Það veikir þó þessar líkur, að ekki var um þátttöku eiganda Leirár í skurðgreftinum að ræða. Þá er og eigi ósennilegt, svo sem vitnið Þorsteinn Jakobsson sagði, „að hafi skurðurinn verið grafinn til að fá undirstöðu undir eins strengs girðingu til verndar slægjum Vogatungubóndans í leigu-landi frá Leirá“.

Sum rök mæla aftur á móti með því, að Leirárbrésið frá 1886 sé lagt til grundvallar, og skulu þau nú nefnd.

Leirárbrésið er eldra en Vogatungubrésið og því í vissum skilningi rétthærra að lögum, sérstaklega þar sem ekkert er fram komið um afsal á skika úr Leirárlandi á árunum 1886—1890.

Leirárbrésið er með óvefengdri áritun bóndans í Vogatungu, ritaðri aðeins 4 árum áður en hann ritaði Vogatungubrésið, sem er ósamrýmanlegt hinu fyrra.

Svonefndur Hrossaklettur, sem stendur 25 m frá Laxá, er

glöggt kennileiti, og verður að teljast mun eðlilegra að miða landamerki Leirár og Vogatungu við hann en klett eða klöpp í túni Stóra-Lambhaga, sem er 418 m frá ánni.

Upplýst er, að bændur í Vogatungu hafa haft land norðan við þrætulandið á leigu. Um það verður því ekki að ræða, að hefð skipti hér máli, og telja dómendur fram komnar upplýsingar um leigulandið ekki hafa þýðingu og ekki heldur fram komnar upplýsingar um veiði og hugsanlegar hleðsluleifar í þúfu á Jökla-bergi.

Það er niðurstaða dómenda, að úrslit máls þessa eigi að ráðast af því, að ekki er neitt fram komið því til stuðnings, að það hafi verið tilgangur eigenda Leirár að breyta landamerkjum á árunum 1886—1890. Hins vegar er vel hugsanlegt, að Þórður Þórðarson, sem ritar tvítugur undir landamerkjabréf Vogatungu fyrir móður sína, hafi ekki gert sér nákvæma grein fyrir því, að bréfið væri ósamræmanlegt landamerkjabréfi Leirár. Þó að hann gerði eigi síðar ráðstafanir til að breyta Vogatungubrétinu, þykir það ekki hafa áhrif á úrslit málsins, enda var heldur engu breytt í bréfi Leirár. Þá er það og að álitu dómenda mikilvægt atriði, hversu miklu eðlilegra og sennilegra er, að merkin milli Vogatungu og Leirár við Laxá séu miðuð við þann stað, sem nefndur er í bréfi Leirár, en klöpp í túni Stóra-Lambhaga.

Samkvæmt framanskráðu skulu hin umdeildu landamerki vera eins og markað er á uppdráttinn í dómi þessum, þ. e. beint strik frá stað, þar sem kelda hefur komið út í Leirá fyrir ofan Jöklaberg í stefnu á einstæðan klett, sem er 25 m frá syðri bakka Laxár. Er endapunktur striksins á nyrðri bakka árinna. Við Leirá ber að líta svo á með hliðsjón af 5. gr. laga nr. 15/1923, að hver staður á eyrunum, sem myndast hafa framan við merkjapunktinn, skuli heyra til því landi, sem hann er næstur.

Þar sem verulegur vafi er um úrslit máls þessa, er rétt samkvæmt 178. gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Ásgeir Pétursson sýslumaður og meðdómsmennirnir Guðmundur Jónsson skólastjóri og Þór Vilhjálmsson prófessor.

Sem fyrr getur, samdi meðdómandinn Guðmundur Jónsson arðskrá fyrir Laxá, þar sem byggt var á tilteknum landamerkjum. Þar sem þeim, er arðskrána sömdu, var ekki kunnugt um ágreining um merki Vogatungu og Leirár, hefur ekki þótt ástæða til, að meðdómandinn víki úr sæti, enda engin krafa komið fram um það.

Dómsorð:

Landamerki Vogatungu og Leirár milli Laxár og Leirár skulu vera beint strik frá stað, þar sem kelda hefur komið út í Leirá fyrir ofan Jöklaberg, í stefnu á einstæðan klett, sem er 25 m frá syðri bakka Laxár. Er endapunktur striksins á nyrðri bakka árinnar. Á eyrum framan við endapunktinn við Leyrá heyrir hver staður til því landi, sem hann er næstur. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 21. október 1970.

Nr. 179/1969. **Hákon Benediktsson**
Guðmundur Benediktsson og
Garðar Benediktsson
 (Guðmundur Pétursson hrl.)
 gegn
Sumarliða Betúelssyni og gagnsök
 (Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
 Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Víxill.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. september 1969, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1969 og gert þær dómkröfur, að þeim verði dæmd alger sýkna og gagnáfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. október 1969 og krafizt þess, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 28.000.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 22. júní 1965 til greiðsludags, kr. 188.00, stimpil- og afsagnarkostnað, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Hákon Benediktsson ritaði upphaflega nafn